


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Ég samskiptin og samfélagið ESSXS24	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		
Námsáætlun haustönn 2016		

Kennari	Sigrún Fanney Sigmaradóttir og Valgerður Dögg Jónsdóttir	Sk.st.	SFS, VAL
----------------	--	---------------	----------


Áfangalýsing: Áfanginn byggist á sex stöðum menntunar eins og þau koma fram í Aðalnámskrá framhaldsskóla eða læsi í víðum skilningi, menntun til sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og skapandi starf. Komið verður inn á val nemenda varðandi lífsstíl, s.s. markmið menntunar, mataræði, áhugamál, starfsvettvang, menningu og listir. Staða einstaklingsins í fjölmennningarlegu samfélagi verður skoðuð og rædd, m.a. útfrá þjóðerni, trú og stöðu.

Í áfanganum verður rýnt í eftirfarandi hugtök og unnin verkefni þeim tengdum: Læsi í víðum skilningi, jafnrétti, fordómar, sjálfsmynd, tilfinningar og tjáning. Hugað verður að stöðu karla og kvenna í samfélaginu, fjallað um gagnrýna hugsun og nemendur æfðir í að temja sér hana. Fjallað verður um jafnrétti í tengslum við mismun kynjanna og samskipti, sjálfsmynd og sjálfsvitund. Unnið verður með samskipti, eigin hegðun og framkomu og hversu mikilvægt það er að geta átt ábyrg og farsæl samskipti við aðra

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- jafnréttishugtakinu í víðum skilningi s.s. útfrá búsetu, kynþætti, fötlun, trúarbrögðum, aldri, kynhegðun o.fl.
- hvað það þýðir að vera virkur og ábyrgur þátttakandi í lýðræðissamfélagi
- áhrifum jafnréttisbaráttunnar
- stöðu karla og kvenna í íslensku samfélagi fyrr og nú
- eigin þörfum, muninn á réttu og röngu og geti tekið ákvarðanir í samræmi við það
- kynlífi, barneignum, getnaðarvörnum, kynsjúkdómum og foreldrahlutverkinu
- mikilvægi þess að hlúa að sjálfum sér s.s. með almennri umhirðu líkamans, líkamsþjálfun, næringu og geðrækt
- að til eru mismunandi leiðir í samskiptum og samstarfi

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ	Ég samskiptin og samfélagið ESSXS24	
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
Námsáætlun haustönn 2016		

- áhrifum góðrar sjálfsmyndar á eigið geðheilbrigði
- gagnrýnni hugsun og merkingu hennar fyrir einstaklinginn
- sjálfum sér sem kynveru og ábyrgðinni sem því fylgir
- á að leggja sitt af mörkum til jafnréttismála í samfélaginu
- á mikilvægi þess að taka þátt í að skapa fordómalaust samfélag
- að lifa heilbrigðu lífi á eigin forsendum


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að og geta hagnýtt sér þá það með því að:


- beita gagnrýnni hugsun s.s. með læsi á ýmsa miðla; fjölmiðla, kvikmyndir, netsamfélagið o.fl.
- eiga í félagslegum samskiptum og tala um tilfinningar sínar og reynslu
- átta sig á að allir eru misjafnir og það verður að virða hvern og einn fyrir það sem hann er/stendur fyrir

Námsgögn: Ýmis hefti, verkefni, ljósrit og myndir frá kennurum. Einnig verða vefsíður, fjölmiðlar og myndbönd notuð.

Námsmat og vægi námsþátta: Tímapróf 20%, verkefni 40%, munnlegt próf 20%, virkni í umræðum 20%.

Dagsetning: 02.09.16


Undirritun kennara

5.9.2016

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils